

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/2349  
komudagur 18.5.2010



Í þágu íþróttá,  
ungmenna og öryrkja

## Nefndarsvið Alþingis

Reykjavík, 17.maí 2010


### Varðar: Umsögn Íslenskrar getspár vegna framkomins frumvarps til breytinga á lögum nr. 38/2005 um happdrætti.

Vísað er í bréf yðar dagsett 12.maí s.l. varðandi ofangreint mál.

Fyrir Alþingi liggur fyrir frumvarp til breytinga á framangreindum lögum. Um er að ræða breytingu refsíákvæði laganna, þ.e. á B-lið, 1. mgr. 11. gr. þeirra og felur breytingin í sér að bann við auglýsingum, kynningu eða miðlun upplýsinga um happdrætti, sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum um happdrætti, taki einnig til starfsemi sem rekin er erlendis.

Íslensk getspá fagnar framkomu frumvarpi og styður það. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu hefur dómstóll EB í nýlegu máli áréttað rétt aðildarríkja til að banna og stöðva innan sinnar lögsögu, dreifingu á happdrættis- og veðmálastarfsemi í gegnum internetið þótt sú starfsemi sé lögleg í öðru aðildarríki. Um íslenska starfsemi gilda lög og er hún háð leyfum og ströngum skilyrðum. Það er mjög mikilvægt að mati Íslenskrar getspár, að íslensk lög gildi um alla slíka starfsemi, hvort sem hún sé starfrækt hér á landi eða erlendis. Andstæð regla myndi án efa skekkja samkeppnisstöðu innlendra aðila auk þess sem telja verður það mikilvægt út frá almennum sjónarmiðum um jafnræði á þessu sviði, að sömu reglur gildi óháð því hvort hún er starfrækt hér á landi eða erlendis. Án efa er tilkoma internetsins og auðveldur aðgangur almennings að veðmálastarfsemi á netinu með notkun kreditkorta, meginástæður þess að breyta þarf þessum reglum.

Virðingarfyllt,  
ÍSLENSK GETSPÁ

  
Stefan Konráðsson  
framkvæmdastjóri

ÍSLENSK GETSPÁ

Engjavegi 6 • 104 Reykjavík • Sími: 580 2500 • Fax: 580 2501